

22. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: »39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir«.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r .

Biskupinn hefir sent hingað frumvarp þetta, sem ráðuneytið alveg fellst á, og getur ráðuneytið látið nægja að visa til ástæðna biskupsins, sem prentaðar eru á fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Svo sem kunnugt er var með lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, Mosfellsprestakall í Mosfellssveit felt úr tölu sjálfstæðra prestakalla með þeim hætti, að Brautarholtssóknin legðist til Reynivallaprestakalls, en Lágafells og Viðeyjarsóknir til Reykjavíkur-dómkirkjuprestakalls, og þessari síðarnefndu ráðstöfun var síðan slegið fastri með stjórnarráðsbrjefi, dags. 28. maí 1909, viðvikjandi afstöðu prestanna í Reykjavíkur-prestakalli hvors til annars og verkaskiftingu í söfnuðinum, sem ákvað að dómkirkjupresturinn tæki að sjer, þegar prestaskifti yrðu í Mosfellsprestakalli, Viðeyjarsókn, en annar presturinn vtð dómkirkjuna Lágafellssókn.

Frá því að þessi lög voru sett þangað til að því kæmi að fá þeim komið í framkvæmd, liðu svo 15 ár eða þangað til að presturinn á Mosfelli, sem var þar þegar lögin voru sett, andaðist. En þá hafði sú breyting orðið, sem gerði það með öllu ómögulegt að framkvæma lögin. Með hraðfara vexti Reykjavíkurbæjar á þessu tímasteiði og samfara vexti Reykjavíkur-dómkirkjusafnaðar varð það blátt áfram ógerningur að skylda Reykjavíkur-prestana tvo til þess að bæta við sig þessum tveim sóknum, Viðeyjar og Lágafells, og

presturinn á Reynivöllum skoraðist með öllu undan því að bæta við sig Braut-
arholtssókninni. Sálnatalan í Reykjavíkurdómkirkjusöfnuði hafði alt að því
tvöfaldast frá því að lögin voru sett. Árið 1907 var tala sóknarmanna í dóm-
kirkjusöfnuðinum c. 6000, en 1920 var hún orðin alt að því 12000. Þau sex
ár, sem síðan eru liðin hefir fólksfjöldinn í bænum aukist að mun og hefi
jeg fyrir satt að af 22022 íbúum, sem hjer töldust við síðastliðin áramót, hafi
14500 verið í dómkirkjusöfnuðinum. Af þessum tölum má ráða, að það er
ekki neitt smáræðis annriki, sem þessir tveir prestar dómkirkjusafnaðarins
hafa, þótt ekki væri stækkaður verkahringur þeirra allar götur upp að Esju.

En hjer er á fleira að líta. Svo sem kunnugt er, þá ætlast lögin til
þess, að prestar dómkirkjusafnaðarins bæti á sig þjónustu þessara tveggja
sóknna *án nokkurs endurgjalds* annars en þóknunar, sem þeir fá fyrir auka-
verk, sem þeir vinna. En þær tekjur nema ekki meiri upphæð en svo, að
þær borga alls ekki kostnaðinn, sem þjónustan hefir í för með sjer. Þegar
lögin voru sett 1907 voru tímarnir ekki lakari en að embættismenn með með-
allaunum gátu haldið hest. Nú er annað eins og það beinn ógerningur, með
þeim launum, sem prestum eru ætluð. Eina leiðin fyrir þann prest, sem hjerðan
úr Reykjavík ætlar að þjóna Lágafellssókn, yrði sá að nota bilferðir, en auk
þess, sem erfitt er að koma bilum við nema eftir sjálfum þjóðveginum, svo
að presturinn yrði að fara hitt gangandi eða að fá sjer leigðan hest, þá yrði
það prestinum ærið kostnaðarsamt að taka bil á leigu hve nær sem hann
ætti erindi þangað upp í sóknina. Það eitt að rækja tíðahald á helgum dög-
um á Lágafelli, þótt ekki væri gert ráð fyrir nema messu þriðja hvern helgan
dag, mundi kosta prestinn minst 600 kr. Þar við bættust svo allar aðrar ferð-
ir, sem hann yrði að fara þangað vegna annara prestsverka, sem fyrir kæmu.
Mundi láta nærri, að kostnaðurinn af þjónustunni yrði ekki mikið undir 1000
krónum. Má geta nærri hve tilfinnanlegur sá kostnaður yrði öðrum prestin-
um við dómkirkjuna, sem þessi þjónusta er ætluð, að ótöldu því sliti öllu,
sem þjónustan hlyti að hafa í för með sjer fyrir hann persónulega, og það
alt án þess að hafa annað upp úr fyrirhöfninni en *bein útgjöld*. Hið sama
má að sumu leyti segja um þjónustu Viðeyjar, sem ætluð er sjálfum dóm-
kirkjuprestinum. Viðeyjarkirkja er nú þriðjungakirkja og mundi söfnuðurinn
ekki gera sig ánægðan með minna en 20 messur á ári. En hver messa, sem
hann flytti, kostaði leigu á mótorbá til ferðarinnar, sem gera má ráð fyrir,
með þeirri bið, sem báturinn yrði að hafa inn frá, ekki fengist fyrir minna
en 20 kr. hver ferð. Yrði það um 400 kr. útgjöld, sem að eins messuflutn-
ingurinn hefði í för með sjer, auk þess kostnaðar, sem fylgdi öðrum embætt-
isferðum prestsins þangað út í eyna.

En hjer við bætast svo hin miklu óþægindi, sem af því leiddu fyrir
söfnuðina báða, að verða að fá presta frá Reykjavík til allra prestsverka og
eiga það á hættu, að prestarnir sjeu, þegar mest þarf á þeim að halda, bundn-
ir heima fyrir af öðrum embættisverkum og geti ekki sint beiðni þeirra. Yfir
höfuð getur ekki hjá því farið, með fyrirkomulagi eins og því, sem lögin gera
ráð fyrir, að þessir útsöfnuðir báðir verði í mesta máta útundan með alla

prestsþjónustu, en því geta engir söfnuðir unað til lengdar, og er það ekki láandi.

Síðan 1924 hefir Mosfells-prestakalli verið þjónað af settum prest, sem þangað vigðist með leyfi stjórnarvaldanna. En þar sem þessi prestur er aðeins *settur* í embættið til bráðabirgða, þá nýtur hann, eftir skilningi stjórnarráðsins á launalögunum frá 1919, ekki þeirra rjettinda, sem aðrir prestar hafa til launahækkunar 3. hvert ár, heldur verður að búa að byrjunarlaunum presta meðan hann er þar settur, hve lengi sem það verður. En með þeim kjörum er þess ekki að vænta, að þeim haldist á nokkrum presti til lengdar. Þetta þykjast söfnuðirnir sjá í hendi sjer og til þess að afstýra því, að prestar, sem þeim að öllu leyti falla í geð, rjúki ekki frá þeim, hve nær sem færi býðst; hafa þeir nú í annað sinn sent áskoranir til landsstjórnar og þings um að fá Mosfells-prestakall endurreist. Hve almenn sú ósk safnaðanna er, sjest best á því, að af alls 328 kjósendum í prestakallinu hafa 299 undirskrifað þá áskorun.